

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1106

Dagsetning: 24. mars 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 17. mars 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar og fundi síðustu viku hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Farið var yfir aðsend erindi sem borist hafa stofnuninni. Drög að reglugerð um innra eftirlit voru kynnt. Þá var upplýst um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um viðbótarfjarveitingu vegna áætlunar gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmi. Farið var yfir erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um uppfærslur viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana. Rætt var um svarbréf HH vegna fyrirspurnar á Alþingi um frávísun einhverfra frá geðheilsuteymum sem sent verður heilbrigðisráðuneytinu. Þá var kynnt erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um endurskoðun löggiltra sérgreina í læknisfræði.

4. Tilkynningaskylda til landlæknis

Rætt var um lagabreytingar frá nóvember 2025 þar sem kveðið er á að skylt sé að tilkynna mál sem varða aðgengi að sjúkraskrá til embættis landlæknis. Í kjölfarið er þörf á endurskoðun á leiðbeiningum fyrir starfsfólk HH um verklag tengt sjúkraskrá. Lagt var til að HH taki að sér að leiða vinnu við endurskoðun á verklagi í samvinnu við embætti landlæknis. Framkvæmdastjórn samþykkti tillöguna.

5. Geðheilsuteymi ADHD

Upplýst var um samskipti við heilbrigðisráðuneytið um forgangsröðun verkefna Geðheilsuteymis ADHD fullorðinna. Ekki er komin lokaniðurstaða um hvernig það verður gert.

6. Sálfélagsleg þjónusta

Farið var yfir vinnu við þróun á skipulagi sálfélagslegri þjónustu á heilsugæslustöðvum HH. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á styttri biðtíma eftir fyrsta viðtali við sálfræðinga og samræmda vinnu á stöðvunum. Framkvæmdastjórn samþykkti að halda áfram á þessari vegferð.

7. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

8. Þjónustukönnun SÍ

Kynntar voru niðurstöður úr nýjustu þjónustukönnun SÍ niðurbrotið eftir stöðvum.

9. Gjaldskrárverk lækna

Rætt var um kjarasamning lækna og umbótaverkefni þeim tengd.

Aðgerðir og verkefni

- Hafa þarf samráð við embætti landlæknis um endurskoðun á verklagi tengt sjúkraskrá, sjá lið 4.
Ábyrgð: NSK
- Halda þarf áfram samskiptum við heilbrigðisráðuneytið um forgangsröðun verkefna Geðheilsuteymis ADHD fullorðinna, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Ljúka þarf vinnu við þróun á skipulagi sálfélagslegrar þjónustu á heilsugæslustöðum, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH
- Kynna þarf niðurstöður þjónustukönnunarinnar fyrir starfsfólki og á vef HH í samráði við gæðastjóra HH, sjá lið 8.
Ábyrgð: BJ
- Halda þarf áfram vinnu við umbótaverkefni tengt kjarasamningi lækna, sjá lið 9.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.